

G. Magnússon lögfræðing, lektor við Viðskipta-háskólann á Bifröst. Skólinn sýndi áhuga á að standa að þinginu enda er kenndur skaðabótaréttur við lagadeild skólans. Tilgangurinn er að fá sem flesta sem um þessi mál fjalla – lækna, lögfræðinga, starfsmenn tryggingafyrirtækja og embættismenn – til þess að ræða málin og miðla af þekkingu sinni.

„Við höfum fengið frummælendur víða að og þeir hafa allir mikla reynslu og góða þekkingu á hálsnhykk og örorkumati. Þarna verða þrír erlendir fyrirlesarar, Mohammed Ranavaya er þekktur fyrirlesari, einn af höfundum bókar bandarísku læknasamtakanna um örorkumat og hefur kennt þúsundum lækna að gera slíkt mat. Frá Danmörku kemur Bent Mathisen yfirlæknir

Arbejdsskadestyrelsen, stofnunar sem sér um örorkumat vegna bílslysa og vinnuslysa og frá Noregi kemur lögfræðingurinn Terje Marthinsen sem vinnur hjá norsku tryggingafyrirtæki. Íslensku frummælendurnir eru einnig reyndir á þessu sviði,“ segja þeir Guðmundur og Ragnar.

Í framhaldi af þessu gætu svo hugsanlega orðið til klínískar leiðbeiningar til þeirra sem að þessu vinna en þeir segja að skortur sé á samræmdum reglum þar sem gerðar séu kröfur til þeirra sem gera örorkumat. Erlendis þurfi menn að sækja námskeið og fara í próf til þess að hafa rétt til að gera örorkumat en ekkert slíkt þekkt hér á landi.

Dagskrá málþingsins má sjá á bls. 704 hér í blaðinu.


Siðamál lækna og læknisfræði á íslensku

Málþing til heiðurs Erni Bjarnasyni

Haldið laugardaginn 1. október 2005 í Hlíðasmára 8, Kópavogi

Fundarstjóri: Jón Snædal

09:00-09:10	Setning – Sigurbjörn Sveinsson formaður Læknafélags Íslands
09:10-09:30	Örn Bjarnason – Tómas Zoëga
09:30-10:00	Orðræða um læknisfræði á íslensku. Framlag Arnar Bjarnasonar – Guðmundur Þorgeirsson
10:00-10:30	Trúnaðarlækningar – Kristinn Tómasson
10:30-11:00	Kaffi
11:00-12:00	Dual responsibility – John R. Williams, Director of Ethics, World Medical Association





Aðalfundur Læknafélags Íslands 2005

haldinn í Hlíðasmára 8 í Kópavogi

Föstudagur 30. september

- | | |
|-----------------|--|
| Kl. 10:00 | <ol style="list-style-type: none"> 1. Setning 2. Ávarp ráðherra 3. Skýrsla stjórnar – umræður <ol style="list-style-type: none"> 3.1. Skýrsla formanns 3.2. Skýrsla formanns um hagstofu lækna 4. Ársreikningar lagðir fram – fjárhagsáætlun kynnt 5. Codex Ethicus – tillögur stjórnar samkvæmt ákvörðun aðalfundar 2003 |
| Kl. 12:00-13:00 | Matarhlé |
| Kl. 13:00 | <ol style="list-style-type: none"> 6. Ógnanir gegn læknum – skýrsla nefndar 7. Heimilislækningar í sjálfstæðum rekstri – skýrsla nefndar 8. Samskipti lækna og lyfjafyrirtækja. Starf nefndar innan stjórnar 9. Skýrsla nefndar um rafræn samskipti lækna og sjúklinga 10. Málefni: <ol style="list-style-type: none"> 10.1. lífeyrissjóðs lækna 10.2. Læknablaðsins 10.3. orlofssjóðs LÍ 10.4. fræðslustofnunar lækna 11. Lagðar fram ályktunartillögur og tillögur til lagabreytinga 12. Skipað í starfshópa |
| Kl. 15:00 | Kaffihlé |
| Kl. 15:30 | Starfshópar starfa |

Laugardagur 1. október

- | | |
|-----------------|---|
| Kl. 09:00-12:00 | Málþing til heiðurs Erni Bjarnasyni, lækni
Trúnaðarlækningar |
| Kl. 12:00-13:00 | Matarhlé |
| Kl. 13:00 | <ol style="list-style-type: none"> 13. Afgreiðsla lagabreytinga, ályktana og annarra mála 14. Kosningar og lúkning annarra dagskrárliða samkvæmt lögum <ol style="list-style-type: none"> 14.1. Ákvörðun árgjalds 14.2. Stjórnarkosning 14.3. Kjör annars tveggja lækna í siðanefnd LÍ og varamanns 14.4. Kjör skoðunarmanna reikninga 14.5. Fundarstaður næsta aðalfundar 14.6. Önnur mál |
| Kl. 16:30 | Áætluð fundarlok |
| Kl. 19:00 | Sameiginlegt borðhald fundarmanna og gesta í Glersalnum, Ársölum, Kópavogi |